

hafði sent honum. Skallagrímur tók við öxinni, hélt upp og sá á um hríð og ræddi ekki um; festi upp hjá rúmi sínu. Það var um haustið einn hvern dag að Borg, að Skallagrímur lét reka heim yxn mjög marga, er hann ætlaði til höggs. Hann lét leiða tvo yxn saman undir húsvegg og leiða á víxl. Hann tók hellustein vel mikinn og skaut niður undir hálsana. Síðan gekk hann til með öxina konungsnaut og hjó yxnina báða senn, svo að höfuðið tók af hvorumtveggja, en öxin hljóp niður í steininn, svo að munnurinn brast úr allur og rifnaði upp í gegnum herðuna. Skallagrímur sá í eggina og ræddi ekki um; gekk síðan inn í eldahlús og steig síðan á stökk upp og skaut öxinni upp á hurðása. Lá hún þar um veturinn.' Um vorið kveður Skallagrímur magnaða vísu um öxina og seldi hana síðan í hendur Þórólfi, sem kastaði öxinni fyrir borð á djúpi, svo að hún kom ekki upp síðan.

Meðferð Skallagríms á öxi þeirri, sem Eiríkur blóðöx sendi honum að gjöf, og var það næsta veglegt vopn, sýnir glögglega að hún hefur átt að verða samnefnd gefanda; með því að nota hana til að höggva tvo uxa gerir Skallagrímur hana að raunverulegri *blóðöxi*, samkvæmt þeim skilningi sem Ólafur Halldórsson leggur í orðið, en með því er ekki sagt, að Skallagrímur hafi verið sérstaklega góður blóðöxar.

H. P.

HEILLAVÍSA BJARNA

Á FREMSTU síðu í *AM 68 fol.*, sem er handrit af Ólafs sögu helga frá öndverðri 14. öld, er dregin upp mynd af Ólafi konungi helga, og hafa síðar verið skrifaðar tvær vísur utanmáls, önnur um Ólaf konung til hliðar við myndina, í hinni sem stendur undir myndinni eru heillaóskir til Bjarna, sem kynni að hafa verið eigandi bókarinnar. Báðar vísurnar eru prentaðar í útgáfu Jóns Helgasonar, *Den store saga om Olav den hellige*, Oslo 1941, bls. 893–94, sú síðarnefnda þó með eyðum, þar sem skinnið er dökkt og skrift torlesin. Í útgáfunni er talið sennilegt að vísurnar séu skrifaðar 'í 15. árhundres siste halvdel eller begynnelsen av det 16. århundre', og er að minnsta kosti trúlegt að vísan um Ólaf konung sé skrifuð um það leyti. Á heillaóskunum til Bjarna er ellilegri hönd, og virðist líklegt að hún sé frá síðari hluta 14. eða upphafi 15. aldar. Letrið er máð á köflum, en skýrist ef bókinni er brugðið undir útfjólublátt ljós, og má þannig fylla í eyður sem áður voru:

Biarne hreppa blezan erna
 biarna hialpe drottin[n] giarna
 biarna misse belzsenn forn[e] |
 biarna eige godu uarne
 Biarne hliote brudi kiorna
 biarna geyme siouar stiarna
 biarne | drekke bior af hornum
 biarna all dri uiner se farnar

Í 3. vo. er óljós síðari hluti orðsins 'belzsenn', en fyrstu fimm stafirnir verða naumast lesnir öðru vísi en hér er gert. Orðið er sýnilega haft um erkióvininn *Belzebub*, en það nafn kemur fyrir þegar í fornu máli (Ian J. Kirby, *Biblical quotation in old Icelandic–Norwegian religious literature* I, Reykjavík 1976, bls. 247). *Belsi* er einnig til í merkingunni fjandi, sennilega stytting á *Belzebub*, en hefur ekki svo að séð verði komist á prentaðar orðabækur. Orðið kemur fyrir í *Rollantsrímmum Þórðar Magnússonar á Strjúgi*, 14. rímunni, í erindi sem Jón Ólafsson frá Grunnavík hefur haft mætur á og vísar a. m. k. fjórum sinnum til í orðabók sinni, við orðin *glappa skupp*, *köllsigr (kalls)*, *keppinn (kapp)*, *skupp (seðlasafn OH)*, uppskriftir Jakobs Benediktssonar eftir Orðabók Grunnavíkur-Jóns). Hér er vísan tekin úr uppskrift á *Rollantsrímmum Þórðar í Papp. 4to nr. 1* í Konungsbókhöfðu í Stokkhólmi:

Geira tyr uid glappa skupp
 giordi orða leita
 k[oll]sugur bellse keppinn bupp
 kuedst hinn nedste heita.

Annað dæmi er í *Guðspjallasálmum* sr. Einars Sigurðssonar í Eydölum, *Ein Ny Wiisna Bok*, 1612, bls. 22 (fundid eftir *seðlasafni OH*): 'seige þier mig fyrer Belsa þann', Á samsvarandi stað í *Guðbrandsbiblíu* stendur: 'Fyrst þier seiget mig fyrer Belzebub . . .' (Nýja testamentið, bl. 32r). Annars staðar notar sr. Einar Belsebub, eins og er í biblíunni.

Í 6. vo. er 'geyme' dauft, en önnur sögn kemur varla til greina; 'siouar stiarna' er að sjálfsgöðu Maríukenning (stella maris).

Bjarni er ókunnur. 5. vo. bendir til að vísan sé ort til ókvænts manns, e. t. v. barns eða unglings, og væri ekki fráleitt að hugsa sér að vísan hafi verið ort og skrifuð í bókina um leið og hún hafi verið gefin Bjarna í tannfé. Bjarni þessi gæti þá verið fæddur skömmu áður en vísan var skrifuð og hefur væntanlega ekki verið af lágum stigum.

Bjarnavísan er ort undir hrynhendum hætti, áttmælt, og er þó raunar ekki fullt mál (þ. e. sjálfstæð málsgrein) í 4. vo. Stúlbragð er klifun í upphafi vísuorða (*anaphora*), sem ekki er óalgengt í Lilju og öðrum hrynhendum kveðskap síðar og getur verið með mismunandi hætti (Hans Schottmann, *Die isländische Mariendichtung*, 1973, bls. 303, 311–13). Kunnast er 91. er. í Lilju, ákall til Maríu, áttmælt og hefur nafn heilagrar guðsmóður í upphafi vísuorða (*Skjaldedigtning B II*, bls. 414):

María, ert þú móðir skærust,
 María, lifir þú sæmd í hári,
 María, ert þú af miskunn kærust,
 María, léttu synda fári,
 María, lít þú mein þau er vóru,
 María, lít þú klökk á tárin,
 María, græð þú mein en stóru,
 María, dreif þú smyrsl í sárin.

J. S., Ó. H., S. K.

LAGFÆRINGAR OG VIÐAUKAR VIÐ ÁÐUR PRENTUÐ RIT

Bibliotheca Arnarnagæana XXXI, 1975, bls. 4, l. 13 a. n. Liosvíkinga, les: Liosvetninga.

Sama bók bls. 224. Annað dæmi þess, að kvæðisupphafið “Heyrðu himna smiður” er nefnt sem lagboði á 17du öld, er í “háttatals kvæði” (um konu), sem varðveitt er í tveimur náskyldum uppskriftum, AM 166a og 166b 8vo. Kvæðið byrjar “Fyrst í gýgjar gusti”, og er hver vísa með sínum hætti, en nafn háttarins utanmáls. 48da erindi hefst “Mynda eg mærdar spil, mens hlýði bil”, og stendur utanmáls “Eins lag og heyrdu himna smidur”; erindið er samsett af 12 vísuorðum, ekki 8 eins og venja er til. Jón Þorkelsson lét prenta þenna háttalykil í *Smástykker*, 1884–91, bls. 345–60, og eignaði Þórði á Strjúgi (sbr. *Kvæðabók úr Vigur*, inngang bls. 37).

Sama bók, bls. 400 o. áfr. Í AM 163 4to, Jónsbókarhandriti, að mestu með hendi sr. Jóns Erlendssonar, eru tilvísanir utanmáls í “codex Arianus” (Katalog AM I 443). Þar mun líklega átt við lögbók Ara Jónssonar.

Sjöfíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni, 1977, bls. 408. Rit-